

Sb.

485. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun á löggjöf um sölu lyfja.

Flm.: Garðar Þorsteinsson, Sigurður E. Hlíðar, Bjarni Benediktsson,
Lárus Jóhannesson, Sigurður Thoroddsen, Páll Zóphóníasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa fimm manna millipínganefnd til að endurskoða löggjöf um sölu lyfja og leggja fyrir næstkomandi Alþingi heildarlöggjöf um það efni.

Nefndin skal skipuð eftir tilnefningu þannig: Stjórn Apótekarafélags Íslands tilnefnir einn mann, stjórn Lyfjafræðingafélags Íslands annan, stjórn Læknafélags Íslands þriðja, hæstiréttur tilnefnir hinn fjórða, og skal hann vera lögfræðingur og jafnframt formaður nefndarinnar. Landlæknir er sjálfkjörinn sem fimmti maður nefndarinnar.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

6. ágúst 1942 lagði landlæknir það til í bréfi til heilbrigðismálaráðherra, Jakobs Möllers, að hann skipaði nefnd til að endurskoða lyfsölulöggjöfina. Við þessu varð ráðherrann og skipaði 26. s. m. nefnd til þessa. Nefnd þessi skilaði álit sínu 1943 og lagði fram frv. til lyfsölulaga og frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi.

Þessi frumvörp voru send mönnum úr heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis 1944 af landlækni með tilmælum um, að þeir flyttu þau á Alþingi. Um það náðist þó ekki samkomulag þá. Apótekara- og Lyfjafræðingafélagi Íslands líkaði ekki þessi frumvörp og þótti, að þeirra sjónarmiða, sem þeir töldu, að þyrfti að taka tillit til við samning slíkra frumvarpa, hefði lítið gætt. Fyrir því skipuðu þeir nefnd, og samdi hún nýtt frv., er nú hefur verið sent heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar með tilmælum um, að nefndin flytti það á Alþingi.

Núverandi félagsmálaráðherra hefur hins vegar sent heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar frumvarp það, er nefndin, er ráðherra skipaði 1942, samdi, lítið eitt breytt, og mælist til, að nefndin flytji það. Um það hefur ekki náðst samkomulag. Hvorugt frumvarpið verður því á þessu þingi flutt af nefndunum óskiptum.

Við lestur beggja þessara frumvarpa um lyfsölu kemur í ljós, að mikill skoðanamanunur er hjá þeim, er frumvörpin hafa samið. Sá mismunur skal ekki rakinn hér, en þar sem enn hafa ekki verið gerðar verulegar tilraunir til að samrýma þau ólíku sjónarmið, er fram koma í frumvörpunum, þykir okkur, sem erum í heilbrigðis- og félagsmálanefndunum, ástæða til að láta reyna til þrautar, hvort ekki sé hægt að semja eitt frumvarp um lyfsölu, sem allir megi una sæmilega við, og leggjum því til, að millipínganefnd sé kosin í málið.

Mörg þau ákvæði, er nú gilda um lyfsölu, eru orðin gömul og úrelt og þurfa bráðra breytinga við. Með tilliti til þess, svo og þess, að málið hefur fengið sæmlegan undirbúning með samning áður nefndra frumvarpa, teljum við, að nefndin geti lokið störfum fyrir 1. okt. n. k., svo málið megi koma fyrir næsta Alþingi og þá væntanlega fá afgreiðslu á því þingi.

Til að fyrirbyggja, að einhverjir aðilar, sem hér telja sig eiga hlut að máli, telji rétt sinn fyrir borð horinn, leggjum við til, að nefndin verði skipuð þannig: Stjórn Apótekarafélags Íslands tilnefni einn mann, stjórn Lyfjafræðingafélags Íslands tilnefni annan, stjórn Læknafélags Íslands þann þriðja, fjórði sé lögfræðingur, tilnefndur af hæstarétti, og landlæknir sjálfkjörinn sem fimmti maður.